



Alþingi
Velferðarnefnd
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. apríl 2024
2404113/0.4.1

Efni: Umsögn um 907. mál. Landlæknir og lýðheilsa og sjúkraskrár (heilbrigðisskrár)

Embætti landlæknis vísar til máls nr. 907, landlæknir og lýðheilsa og sjúkraskrár (heilbrigðisskrár), sem Velferðarnefnd Alþingis hefur sent til umsagnar.

Embættið átti fulltrúa í starfshópi heilbrigðisráðuneytisins sem samdi þetta frumvarp um heilbrigðisskrár og styður breytingar sem það felur í sér.

Hér er mikilvægt mál á ferðinni og embættið fagnar framkomnu frumvarpi. Embætti landlæknis hefur, á grundvelli núgildandi laga frá árinu 2007, rekið persónugreinanlegar heilbrigðisskrár en þær þjóna þeim mikilvæga tilgangi að veita yfirsýn yfir heilbrigðisþjónustu og heilsufar á Íslandi og eru um leið grundvöllur fyrir eftirlit, gæðapróun og vísindarannsóknir. Í fyllingu tímans hafa nýtingarmöguleikar þessara miðlægu skráa aukist og geta þær í auknum mæli stutt við ýmis verkefni sem tilgreind eru í lögum á sviði heilbrigðismála, til vísindarannsókna og nýsköpunar. Brýnt er að lög um landlækni og lýðheilsu endurspegli þá þróun sem orðið hefur og framundan er.

Mikilvægt er að halda því til haga að í frumvarpinu eru ekki gerðar auknar kröfur um skráningu rekstraraðila í heilbrigðisþjónustu miðað við það sem gert er í núverandi lögum, en kröfur um skráningu í heilbrigðisþjónustu koma fyrst og fremst úr lögum um sjúkraskrá. Þá eru ekki gerðar auknar kröfur um gagnaskil til landlæknis miðað við það sem gert er í núverandi lögum. Ákvæði í frumvarpinu eru hins vegar skýrari en í núgildandi lögum.

Vakin er athygli á því að í frumvarpinu er lögð til sú breyting að heimilt verði að veita stjórn-sýslustofnunum á heilbrigðissviði, einkum Sjúkratryggingum, aðgang að gögnum í heilbrigðisskrám í tengslum við þeirra lögbundnu hlutverk. Þannig geta þessar stofnanir samnýtt gögn þannig að ekki þurfi að koma upp sambærilegum gagnasöfnum á mörgum stöðum. Þetta eykur skilvirkni og samræmist meginsjónarmiðum persónuverndarlaga.

Í frumvarpinu er einnig lögð til sú breyting að heimila rekstraraðilum í heilbrigðisþjónustu aðgang að tilteknum upplýsingum í heilbrigðisskrám um þeirra skjólstæðinga til þess að auka gæði þjónustunnar. Þetta er nú þegar heimilt varðandi gögn úr lyfjagagnagrunni og hefur reynst vel. Heilbrigðisþjónustan gæti bætt þjónustu við einstaklinga ennfrekar með aðgangi að fleiri heilbrigðisskrám t.d. með aðgangi að miðlægum biðlistum.

Loks vill embættið vekja athygli á mikilvægri breytingu á lögum um sjúkraskrá þar sem lagt er til að rekstraraðilum í heilbrigðisþjónustu verði heimilt að setja á fót gæðaskrár sem tengjast meðferð tiltekinna sjúklíngahópa og hafa það að markmiði að auka yfirsýn og bæta gæði og öryggi þjónustunnar. Þessa lagastoð hefur skort en landlæknir fær það hlutverk að styðja við stofnun gæðaskráa með því að leiðbeina og setja ramma utan um rekstur þeirra.

Í frumvarpinu eru einnig lögð til breyting á lögum um sjúkraskrár, nr. 55/2006. Um er að ræða mikilvæga breytingu sem tryggir aukna skilvirkni í t.d. rannsóknum á kvörtunum sjúklinga eða aðstandenda þeirra vegna meintra mistaka eða vanrækslu í heilbrigðisþjónustu. Um þetta er fjallað í greinargerð með frumvarpinu en embætti landlæknis notar þetta tækifæri og áréttar mikilvægi þess að umrædd breyting nái fram að ganga.

Embætti landlæknis vill gjarnan hitta velferðarnefnd og fara ítarlegar yfir framangreint og annað það sem nefndin vill mögulega frá upplýsingar um eða skýringar á.

Virðingarfyllt,



Alma D. Möller
landlæknir